

127. löggjafarþing 2001–2002.
Þskj. 664 — 332. mál.

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um greiðslur fyrir sjúkra- og innanlandsflug.

1. Hversu miklu fé úr ríkissjóði var varið árlega til að styrkja sjúkraflug og innanlandsflug sl. tíu ár og það sem af er þessu ári, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Tryggingastofnun hefur samtals verið varið 663,3 millj. kr. til að styrkja innanlandsflug og sjúkraflug frá og með árinu 1991 til og með árinu 2001. Fjárhæðin skiptist þannig, eftir árum og tegund flugs í millj. kr.:

	Almennt flug	Sjúkraflug	Samtals
1991		29,5	29,5
1992		29,5	29,5
1993	9,2	31,9	41,0
1994	14,3	31,6	45,9
1995	18,9	29,1	48,0
1996	4,8	38,4	43,2
1997	4,2	40,5	44,7
1998	3,8	42,4	46,2
1999	12,7	41,9	54,6
2000	22,1	50,2	72,4
2001	95,9	112,4	208,3
<i>Samtals</i>	<i>185,9</i>	<i>477,4</i>	<i>663,3</i>

Fyrirliggjandi gögn um styrki eru mismunandi milli ára hvað varðar sundurliðun og er ekki unnt að greina styrkina að öllu leyti eftir landsvæðum eða kjördæmum eins og óskað er eftir, en þegar slík sundurliðun liggur ekki fyrir er nafn styrkþega birt (millj. kr.):

	Styrkþegi/verkefni	Almennt flug	Sjúkraflug
1991	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		29,5
1992	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		29,5
1993	Flugfélag Austurlands hf.	6,0	
	Flugfélagið Ernir	2,2	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,0	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		31,9
1994	Flugfélag Austurlands hf.	5,5	
	Flugfélag Norðurlands, Grímseyjarflug	1,6	
	Flugfélag Vals Andersen	1,5	
	Flugfélagið Ernir	4,5	
	Íslandsflug	1,2	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		31,6

	Styrkþegi/verkefni	Almennt flug	Sjúkraflug
1995	Flugfélag Austurlands hf.	4,6	
	Flugfélag Norðurlands hf.		0,8
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.	5,3	
	Flugfélagið Ernir	4,6	
	Flugsamgöngur við Gjögur	2,8	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,6	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		28,3
1996	Flugfélag Austurlands hf.		4,5
	Flugfélag Norðurlands hf.		1,9
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.		2,2
	Flugsamgöngur við Gjögur	1,5	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,5	
	Flugsamgöngur við Kópasker–Raufarhöfn	0,7	
	Flugsamgöngur við Siglufjörð	1,1	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		25,3
1997	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,5
	Flugfélag Austurlands hf.		4,2
	Flugfélag Norðurlands hf.		1,9
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.		4,2
	Flugsamgöngur við Gjögur	1,5	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,5	
	Flugsamgöngur við Norður-Þingeyjarsýslu	0,7	
	Flugsamgöngur við Siglufjörð	0,5	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		25,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,5
1998	Flugsamgöngur við Gjögur	3,8	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		26,7
	Sjúkraflug á Austurlandi		4,9
	Sjúkraflug á Norðurlandi		1,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,8
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		4,3
	Flugsamgöngur við Gjögur	5,1	
1999	Flugsamgöngur við Grímsey	5,8	
	Flugsamgöngur við Ísafjörð–Vesturbyggð	1,8	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		24,2
	Sjúkraflug á Austurlandi		4,0
	Sjúkraflug á Norðurlandi		1,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		6,0
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		6,0
	Flugsamgöngur við Gjögur	2,7	
2000	Flugfélag Íslands	12,9	
	Flugsamgöngur við Gjögur	2,7	
	Flugsamgöngur við Grímsey	3,0	
	Flugsamgöngur við Ísafjörð–Vesturbyggð	1,4	
	LIO ehf.	2,1	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		32,0
	Sjúkraflug á Austurlandi		1,2

	Styrkþegi/verkefni	Almennt flug	Sjúkraflug
	Sjúkraflug á Norðurlandi		5,5
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		5,5
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		6,0
2001	Flugsamgöngur við Norðausturland/Grimsey	50,5	
	Flugsamgöngur við Vestfirði	6,4	
	Flugsamgöngur við Vestfirði/Gjögur	39,0	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		22,8
	Sjúkraflug á Norður- og Austurlandi		46,9
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		31,4
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		11,3

2. Hvaða samningar um greiðslur eru í gildi og hverjar eru áætlanir næsta árs, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?

Eftirtaldir samningar eru í gildi um innanlandsflug: Við Íslandsflug um flug á flugleiðunum Ísafjörður–Bíldudalur–Ísafjörður, Reykjavík–Gjögur–Reykjavík og Reykjavík–Bíldudalur–Reykjavík. Við Flugfélag Íslands um flug á flugleiðunum Akureyri–Þórshöfn–Vopnafjörður–Akureyri, Akureyri–Ísafjörður–Akureyri og Akureyri–Egilsstaðir–Akureyri.

Eftirtaldir samningar eru í gildi um sjúkraflug: Við Flugfélag Íslands á norðursvæði. Við Íslandsflug á Vestfjarða- og suðursvæði. Við Flugfélag Vestmannaeyja um Vestmannaeyjar.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 er áætlað að verja 92,4 millj. kr. til styrkja til innanlandsflugs og 112,4 millj. kr. til styrkja til sjúkraflugs.

3. Viðhald hvaða smærri flugvalla er á vegum ríkisins og um hvaða flugvelli hafa verið gerðir verksamningar við samtök eða sveitarfélög?

Gerðir hafa verið verksamningar um viðhald á flugvöllum í Neskaupstað, á Raufarhöfn og Siglufirði. Viðhald annarra flugvalla er á vegum ríkisins.

4. Hvaða smærri flugvelli hafa verið lagðir af árlega sl. tíu ár?

Áætlunarflug til eftirtalinna flugvalla hefur lagst af sl. tíu ár.:

	Flugvellir
1991	Ólafsfjörður
1992	Blönduós
1993	Bakkafjörður, Rif, Stykkishólmur
1994	Breiðdalsvík, Suðureyri
1996	Borgarfjörður
1997	Flateyri, Hólmavík, Norðfjörður
1998	Kópasker, Raufarhöfn
2001	Húsavík, Siglufjörður